

## Skýrsla vallarstjóra 2017

Sumarið 2017 var mitt þriðja sumar með golfvöllinn í Öndverðarnesi. Sumarið gekk yfir það heila mjög vel á vellinum og þrátt fyrir að allir sumarstarfsmenn utan eins hafi verið nýjir í vor, náðu allir góðum tókum á sínu starfi.

Auk mín störfuðu á vellinum Ólafur Dór Steindórsson, Arilíus Óskarsson, Jökull Hermannson, Adam Örn Sveinbjörnsson og Arnar Logi Sveinsson. Sú breyting varð á starfi Ólafs á haustmánuðum að hann var ráðinn í heilsársstöðu. Það er mjög jákvætt skref fyrir klúbbinn þar sem Ólafur er traustur starfsmaður með dýrmæta reynslu og var lykilstarfsmaður í vor og sumar.

## Ástand vallar

Veturinn 2016-2017 var okkur og vellinum mildur og góður. Flatir fóru frostlausar undir snjó og segja má að ekkert frost hafi hlaupið í jörð fyrir en í janúr/febrúar en aldrei niður fyrir 10 cm. Því var völlurinn fljótur að taka við sér að vori þar sem ekkert frost var í jörðu.

Lítið var um skemmdir í flötum eftir veturinn og því var viðhald þeirra í frekar föstum skorðum og áfallalítið. Þó eru nokkrar flatir sem ekki hafa enn náð að skarta sínum fegurstu litum, og má þar nefna 1., 5. og 6. flöt. Þessar flatir eru ólíkar að uppbyggingu og vonumst við til að ná betri tókum á þeim á næsta ári. Gömul kal sár í brautum voru enn leiðinlega sýnileg á nokkrum brautum og ekki gekk nægilega vel að græða þau upp.

Heilt yfir var völlurinn í góðu ásigkomulagi sem sýnir sig í aukinni aðsókn og má þar þakka starfsmönnum mínum góða vinnu og félögum okkar góða umgengni um völlinn.

## Framkvæmdir

### Vökvunarkerfi

Vinna við vökvunarkerfi sem hófst síðasta haust hélt áfram þó enn sé ýmislegt eftir. Segja má að vinna við það verði til framtíðar partur af flestum framkvæmdum og endurbótum og er stefnt að því að vökvun verði lögð í allar flatir og teiga þegar fram líða stundir. Lokið var við að framleggja stofnlögnina niður að 14. flöt og að setja búnað kringum flatir 10-17.

Miðlunartjörnin okkar ofan við 11. teigana var hreinsuð síðasta vetur og í vor var steipt upp dæluhús neðan við tjörnina. Þeim sem innt hafa vinnu af hendi við húsið ber ég miklar þakkir. Búið er að tengja dælubúnað inni í húsinu en ekki hafðist að gangsetja dæluna í sumar vegna tafa við inntöku rafmagns, en leggja þurfti nýja heimtaug að húsinu. Því er nú lokið og því fátt til fyrirstöðu að gangsetja dæluna á vormánuðum.



Mynd 1 - Sigggi tekur út dæluhúsið fyrir steypu

## Forflöt á 14. braut

Í vor var ákveðið að taka upp forflötina á 14. braut. Umhverfið kringum flötina var afar óhagstætt til golfleiks og innáhögg oft erfið þar sem yfirborðshallar voru skarpir og köstuðu boltum af sér í allar áttir. Einnig var erfitt að viðhalda grasinu á þessu svæði. Aðgerðin heppnaðist vel og var svæðið tyrft á vinnudegi, allt um 300 m<sup>2</sup>.



Mynd 2 - Ný forflöt á 14. áður en hún var tyrft á vinnudegi

## 8. teigar

Á haustmánuðum hófst vinna við byggingu nýrra teiga á 8. braut vallarins. Markmið breytinganna var að bjóða kylfingum upp á upphafshögg með meira og fallegra útsýni niður á brautina en núverandi upphafshögg er blint af aftari teig. Færast teigarnir aðeins fram yfir veginn og til hægri. Þeir eru uppbyggðir þannig að mun betra útsýni fæst niður dalinn og af teigunum má sjá dalinn og niður í Hvítá. Það verður því vonandi mun jákvæðari upplifun að slá teighögg á þessari fallegu golfholu. Grófvinna og efnisflutningar við báða teigana er langt kominn. Lagt verður í þá vökvunarkerfi og sáð í þá í byrjun næsta sumars.

## Önnur verk

Vinna við bætt aðgengi að teigum hélt áfram í sumar, og á vinnudaginn risu nýjar tröppur upp á 6. teig. Var það góð breyting frá því sem var og kemur vel út. Á vinnudaginn var einnig lögð lokahönd á hellulögn við golfkerrugeymsluna sem auðveldar félögum okkar aðgengi að geymslunni og heppnaðist vel. Þá lokuðum við alls þremur sandgryfjum í vor og tyrftum yfir þær á vinnudaginn. Ekki er útilokað að fleyrir sandgryfjum verði lokað í framtíðinni þar sem margar hverjar eru á „úrletum“ staðsetningum og - eða eru mjög sjaldan í leik og hafa takmarkaðan tilgang. Samkvæmt lauslegri athugun var jafnvel ekki leikið úr sumum sandgryfjum svo vikum skipti, og því ekki endilega ástæða fyrir því að halda þeim við, því það tekur nefnilega lúmskan tíma starfsmanna.



## Vélakaup

Á árinu var endurnýjun á vélakosti klúbbsins haldið áfram eins og undanfarin ár. Eftir vel heppnaða ferð á vélasýningu síðasta vetur var endanlega tekin ákvörðun um að endurnýja eldri brautarslátturvél klúbbsins. Hún var af gerðinni TORO 5500 og var farin að kosta töluvert viðhald og því hagstæðast að selja hana á þessum tímapunkti. Í hennar stað kom vél sem ber heitið TORO 5010 H. Það er brautarslátturvél af nýjustu gerð og er hybrid vél sem nýtir sér rafmagn í stað glussa til að knýja ljái vélarinnar. Rafmagn styður einnig við drif hennar sem skilar sér í sama afli en vélin er minni og eyðslugrenni en í eldri gerðum. Hún reyndist afar vel í sumar og mikil ánægja með hana.

Á haustmánuðum fengum við inn á gólf til okkar túrbínu blásara. Það er öflugur blásari sem dregin er á eftir vinnubíl og nýtist okkur best í að dreyfa slægju sem myndast við slátt á röffi. Hann nýtist einnig við ýmis önnur snyrtistörf þar sem þörf er á að blása burtu efni.



Mynd 3- Óli á nýju brautarslátturvélinni

## Lokaorð

Veðurfar í sumar var með ágætum og hitatölur nálægt meðaltölum. Maí var reyndar hlýrri en oft áður og meðalhiti nálægt 2 gráður hærra en meðalhiti síðustu 10 ára. Á sama tíma var maí blautari en oft áður. Ásókn í völinn var með góðu móti og skráðir hringir í gegnum golf.is utan móta voru fleiri en undanfarin ár.

Við settum okkur markmið í aukinni snyrtimennsku fyrir liðið tímabil. Liður í því var að lækka slátturhæð á röffi til að mæta betur þörfum okkar félagsmanna og mæltist það mjög vel fyrir og verður því framhaldið. Áfram munum við vinna að auknum leikgæðum og að upplifun félagsmanna og gesta verði vöm best og hlökkum til komandi tímabils.

Vallarstarfsmenn þakka kylfingum og félagsmönnum fyrir árið.

